

Dags: 24.03.2020

Ábendingar fyrir maga eða ristilspeglun 24.03.2020 í ljósi fyrirmæla Landlæknis samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum Nr. 245/2020 um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða.

Það er skilningur okkar að halda skuli áfram speglunum í þeim tilvikum þar sem talsverðar líkur eru á alvarlegum heilsufarslegum afleiðingum ef speglun frestast um 2 mánuði. Öðrum speglunum skal frestað.

Það er undir hverjum speglunarlækni komið að meta speglunarbeiðni, einkenni sjúklings og áhættuþætti og taka ákvörðun hvort speglun eigi að framkvæma og forgansröðun, með fyrirmæli landlæknis að leiðarljósi. Við þá ákvörðunartöku má styðjast við þau viðmið sem undirritaðir setja hér fram. Mikilvægt er að hafa ástand hins einstaka sjúklings í huga varðandi hvort speglun innan 2 mánaða muni skila ávinningi með tilliti til meðferðar og vega þann þátt gagnvart smithættu við nýtingu heilbrigðisþjónustu.

Ábendingar sem enn eru í gildi:

Magaspeglanir:

Bráð blæðing

Kyngingarörðugleikar

Erfiðleikar við að nærast, hætta á vannæringu

Skýr klínísk teikn sem vekja grun um krabbamein, til dæmis vegna niðurstöðu myndgreiningar, þar sem speglun hefur afgerandi áhrif á ákvörðun um meðferð.

Tjörusvartar hægðir (melena)

Vel skilgreint járnskortsblóðleysi þar sem orsakir utan meltingarvegar eru ekki líklegar

Meðferð við þekktri fyrirferð eða heilsuógnandi ástandi, sem ekki þolir bið.

Ristilspeglanir:

Skýr klínísk teikn sem vekja grun um krabbamein, til dæmis vegna niðurstöðu myndgreiningar, þar sem speglun hefur afgerandi áhrif á ákvörðun um meðferð.

Meðferð við þekktri fyrirferð eða heilsuógnandi ástandi, sem ekki þolir bið.

Vel skilgreint járnskortsblóðleysi þar sem aðrar orsakir en æxli í ristli eru ekki líklegasta skýring.

Sterkur grunur um slæma ristilbólgu þar sem líklegt er að speglun hafi afgerandi áhrif á meðferð.

Dags: 24.03.2020

Tekið verður við beiðnum sem fyrir og þær metnar af viðkomandi starfsstöðvum út frá þessum forsendum. Beiðnum sem ekki verður sinnt strax með speglun, verða settar á biðlista, eða fylgt eftir með öðrum hætti.

Fyrir hönd Speglnardeildar Landspítala


Magnús Konráðsson yfirlæknir


Fyrir hönd Meltingarsetursins


Sigurður Ólafsson meltingarlæknir

Fyrir hönd Miðstöðvar Meltingarlækninga


Kjartan Órvar meltingarlæknir

Fyrir hönd Félags sérfræðinga í
meltingarsjúkdómum


Sigurður Einarsson formaður